

Guðlaugur Sverrisson stjórnarformaður Orkuveitunnar virðist vera með misskildari mönnum. Ef marka má yfirlýsingu hans á mbl.is í dag er það ekki aðeins Sigrún Elsa Smáradóttir sem hefur misskilið hann heldur einnig fréttamaður stöðvar 2 og blaðamaður á visir.is og loks undirritaður. Þannig segist hann í viðtali við mbl.is í dag í svari til undirritaðs að hann hafi „hvergi tengt saman Suðvesturlínu við þessa frestun á túrbínunum“. En hér að neðan eru tilvitnanir í ofantalda miðla sem benda til annars.

Guðlaugur segist ekki hafa brotið trúnað og vitnar þar til yfirlýsingar undirritaðs þar sem segir „Með ummælum sínum er stjórnarformaðurinn að draga fram upplýsingar um samningaviðræður við Norðurál sem ræddar voru á stjórnarfundum á föstudaginn, þar sem beðið var um trúnað“.

Orð stjórnarformannsins breyta engu um þennan skilning á umræðu sem ekki var færð til bókar. Hins vegar er það til bóta að þeirri leynd sem hvílt hefur yfir samningaviðræðum við fyrirtæki í þungaiðnaði og orkuverði til þeirra verði aflétt og hefur framganga Guðlaugs, sem hefur skýrt frá því opinberlega að hækka þurfi orkuverðið vegna Helguvíkur, rutt því brautina.

Það verður hins vegar að segjast að stjórnarformaður Orkuveitunnar sem undanfarið hefur fundið ríkisstjórninni allt til foráttu hvað orkumál varðar, er maður að meiri þegar hann, fyrir hönd Orkuveitunnar þakkar aðkomu Steingríms J. Sigfússonar, fjármálaráðherra, að lausn mála varðandi Evrópska fjárfestingabankann.

Úr fréttum Stöðvar 2 og visir.is

Í fréttum Stöðvar 2 4. nóvember var frétt undir yfirskriftinni „tafir í Helguvík skaða Orkuveituna“. Þar er beint viðtal við Guðlaug og túlkun fréttamannsins sem ekki er hægt að skilja öðruvísi en svo að verið sé að vitna í Guðlaug. Í fréttinni segir:

„Orkuveita Reykjavíkur sér fram á hundruð milljóna króna kostnaðarauka vegna tafa á Helguvíkurverkefninu og rekur hluta tjónsins til aðgerða ríkisstjórnarinnar. Óvissa um Suðvesturlínur og orkuskatta veldur því að Orkuveitan getur ekki staðfest pöntun á Mitsubishi-aflvélum frá Japan og reynir nú að mæta tafakostnaði með hærri orkuverði frá Norðuráli“.

„Þetta setur Orkuveituna í vanda gagnvart samningum við Mitzubishi um kaup á aflvélum fyrir Hverahlíðarvirkjun. Guðlaugur Sverrisson stjórnarformaður segir að það að kaupa túrbínu í svona verk sé eins og að kaupa þotu. Það þurfi að panta ákveðið pláss í ferlinu og þegar farið sé að seinka því leiði það til kostnaðar fyrir framleiðandann að þurfa að hliðra til. Þennan tafakostnað, sem Guðlaugur segir að verði nokkur hundruð milljónir króna, þarf Orkuveitan að taka á sig. Hluti hans er þegar áfallinn vegna tafa sem rekja má til kreppunnar en nú sjá menn fram á meiri kostnað vegna tafa sem raktar verða til aðgerða ríkisstjórnarinnar. Til að mæta tafakostnaðinum hefur Orkuveitan nú óskað eftir hærri orkuverði frá Norðuráli“.

Og á visir.is í gær undir fyrirsögninni „Stjórnarformaður OR: Sigrún er að misskilja“, er haft eftir Guðlaugi í fréttum stöðvar 2 í gær að búast mætti við auknum kostnaði. Orkuveita Reykjavíkur sæi fram á hundruð milljóna króna kostnaðarauka vegna tafa á Helguvíkurverkefninu og ræki hluta tjónsins til aðgerða ríkisstjórnarinnar. Hann segist ekki hafa átt við þann kostnað sem þegar er fallinn á Orkuveituna.

Með kveðju,
Þorleifur Gunnlaugsson
borgarfulltrúi